



# Félag skipstjórnarmanna

Alþingi  
Nefnda- og greiningasvið  
99.mál – breyting á ýmsum lögum vegna banns við hvalveiðum.

Reykjavík 23.10.2023

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna banns við hvalveiðum.**

Félag skipstjórnarmanna leggst gegn framkomnu frumvarpi. Félagið styður sjálfbærar hvalveiðar sem eru í samræmi við vísindalega ráðgjöf. Félagið styður allar úrbætur við hvalveiðar sem flýta aflífun hvala, td. notkun rafmagnsbúnaðar sem Hvalur hf. hefur fjárfest í en ekki fengið heimild til að nota.

Áframhaldandi hvalveiðar eru hagsmunamál fyrir íslenska þjóð sem byggir afkomu sína að miklu leiti á sjávarútvegi. Stofnstærðir hvala í lögsögu Íslands fara stækkandi, hvalir eru í beinni samkeppni við okkar helstu nytjastofna um fæðuna í hafinu. Til að gæta jafnvægis í fæðukeðju hafsins er nauðsynlegt að veiða hvali.

Undirritaður er tilbúinn að koma á fund nefndarinnar og rökstyðja skoðun félagsins.

Virðingaryfllst

f.h. Félags skipstjórnarmanna

Árni Sverrisson

